

118. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis, 10. febrúar 2020

Mættir: Páll Árdal, Eiríkur K. Aðalsteinsson og Auður Inga Ólafsdóttir. Einar Gauti Helgason og Víðir Benediktsson voru fjarverandi.

1. Umferðarslys á Hörgárbraut :

Okkur í nefndinni er hugleikið af hverju engin viðbrögð eru sjáanleg eða heyranleg frá bæjarfulltrúum almennt við alvarlegu slysi sem varð á Hörgárbrautinni þann 8. febrúar þegar ekið á 6 ára stúlku á gangbrautarljósunum við Stórholt. Okkur er einnig hugleikið hver ástæðan er að hafa ekki fengið nein viðbrögð við síðasta erindi okkar frá 10. september, sem fjallaði einmitt um umferðaröryggismál hverfisins í heild. Okkur finnst vanta að okkur sé sýnd sú lágmarks kurteisi að fá upplýsingar um hvort erindið hafi verið tekið fyrir og hvar það stendur hafi það verið tekið fyrir.

Að því sögðu óskum eftir að fá leiðbeiningar um það hvernig er hægt að rekja sig áfram í þeim málum sem við erum að senda inn á borð bæjarfulltrúa og hver lokaniðurstaða hvers máls er eftir að ferli lýkur.

Við ítrekum að okkur finnst það að fá engin svör eða viðbrögð við síðasta erindi okkar, og þessari þögn almennt um umferðaröryggismál hverfinu, óþolandi og vanvirða við störf okkar í nefndinni og íbúa hverfisins sem við vinnum fyrir.

Fundi slitið.

Auður Inga Ólafsdóttir , ritari.